

Dómsorð:

Stefndi, Erlingur Garðarsson, greiði stefnanda, Skarphéðni Veturliðasyni, krónur 750.00 með 7% ársvöxtum frá 1. desember 1969 til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Priðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 72/1974: Jörundur Á. Guðlaugsson og Páll Ásgrímsson
 gegn
 Herði Ólafssyni.

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr og Einar Arnalds.

Kærumál. Frestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1974, er barst dóminum 5. apríl s. á. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að veittur verði frestur sá til yfirheyrslu varnaraðilja og vitna, sem synjað var um með úrskurði héraðsdóms. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð Lagaheimild skortir til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 1. j, laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. mars 1974.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 20. febrúar s.l., hefur Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður, Austurstræti 14, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 25. og 28. september 1973, gegn Unnsteini Beck skiptaráðanda, Skólavörðustíg 11, fyrir hönd hlutafélagsins Festarfells, Reykjavík, sem úrskurðað var gjaldþrota 14. desember 1972, svo og gegn þeim Páli Ásgrímssyni, Sólheimum 36 í Reykjavík, og Jörundi Á. Guðlaugssyni, Hjallabrekku 7 í Kópavogi, til greiðslu in solidum á víxilskuldum samtals að fjárhæð kr. 400.000.00 með 1% dráttarvöxtum á mánuði og broti úr mánuði af kr. 200.000.00 frá 3. október 1972 til greiðsludags, en af kr. 200.000.00 frá 10. nóvember 1972 til greiðsludags, með stimpilkostnaði að fjárhæð alls kr. 960.00, afsagnarkostnaði að fjárhæð alls kr. 360.00 og málskostnaði samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Við þingfestingu málsins féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur Festarfelli h/f.

Stefnandi segir vixlana vera hvorn um sig að fjárhæð kr. 200.000.00, báða samþykkt af Festarfelli h/f, útgáfudagur sé 3. september 1972, þeir séu útgefnir og framseldir af Friðþjófi Karlssyni með ábekingum þeim Jörundi Á. Guðlaugssyni og Páli Ásgrímssyni, annar í gjalddaga 3. október 1972, hinn 10. nóvember 1972. Víxlarnir hafi verið afsagðir 5. október 1972 og 13. nóvember 1972.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að stefnandi málsins, Hörður Ólafsson, hafi komist yfir víxla þessa með ósæmandi hætti og að hann hafi í heimildarleysi ritað útgáfudag og gjalddaga á víxlana. Fyrir því hafi eigi lögmætur víxilréttur honum til handa stofnast á hendur stefndu Jörundi og Páli og beri því að sýkna þá og dæma þeim málskostnað úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Þá er mál þetta var tekið fyrir 20. febrúar s.l., krafðist lögmaður stefndu þess, að málinu yrði frestað og ákveðinn tími til yfirheyrslu, en lögmaðurinn taldi nauðsynlegt að yfirheyra stefnanda og Valtý Guðjónsson, bankastjóra Samvinnubankans í Keflavík, Friðþjóf Karlsson, útgefanda víxlanna, og Jón E. Ragnarsson hæstaréttarlögmann. Um rökstuðning fyrir þessari kröfu sinni vísaði lögmaðurinn til greinargerðar sinnar í málinu og greinargerðar á dskj. nr. 7. Samkvæmt víxillögum og einkamálalögum sé heimilt að koma að vörnum í víxilmáli, er varði form og efni víxla.

Stefnandi neitaði frestun málsins og jafnframt að yfirheyrslur færu fram í málinu. Í málinu liggi frammi formlegir víxlar. Í þessu máli fái ekki komist að neinar varnir, er varði lögskiptin á bak við víxlana.

Stefnandi skoraði á lögmann stefndu að tilgreina einhverja eina varnarástæðu í málinu, sem leyfð sé samkvæmt 17. kafla laga nr. 85 frá 1936. Stefnandi skoraði á lögmann stefnda að bera nú eða við munnlegan málflutning þær spurningar fram, sem lögmaður stefndu hygðist spyrja stefnanda um form og efni víxlanna.

Lögmaður stefndu lýsti yfir, að hann teldi stefnanda þannig að víxlunum kominn, að víxilréttur hafi ekki skapast honum til handa.

Lögmaður stefndu krafðist úrskurðar um þá kröfu sína, að yfirheyrsla fari fram í málinu og málinu verði frestað í því skyni.

Stefnandi mótmælti fullyrðingu lögmanns stefndu um, að stefnandi hafi komist þannig yfir víxlana, að víxilréttur hafi ekki skapast honum til handa.

Ágreiningur lögmannanna um frestun málsins og heimild til yfirheyrslu er hér til úrskurðar.

Mál þetta er höfðað sem víxilmál til greiðslu tveggja víxla, sem liggja frammi í málinu. Víxlarnir eru lögformlegir, sbr. 1. kafla laga nr. 93 frá 1933.

Í 17. kafla laga nr. 85 frá 1936 er fjallað um víxilmál. Ætlunin með þeim sérreglum, sem þar eru, virðist vera sú að gera víxilmálin sem einföldust og gera með því málssóknina greiðari fyrir sækjanda. Með reglum þessum er verið að girða fyrir það, að viðskipti þau, sem á bak við víxla liggja, verði dregin inn í víxilmál, og er með því verið að tryggja gildi víxilskuldar sem formskuldar.

Gegn andmælum stefnanda verður ekki komið að í máli þessu öðrum vörnum en þeim, sem leyfðar eru samkvæmt 208. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Af hálfu stefndu hefur ekki verið sýnt fram á, að það, sem ætlunin er að upplýsa við væntanlegar yfirheyrslur í málinu, sé þess eðlis, að því verði við komið sem vörn í víxilmáli.

Með vísan til framanritaðs þá verður krafa stefndu um frestun málsins og yfirheyrslu stefnanda og vitna ekki tekin til greina.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa stefndu um frestun málsins og yfirheyrslu stefnanda og vitna er ekki tekin til greina.